

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/27/EB

2008/EES/76/19

frá 3. mars 2006

um breytingu á tilskipunum ráðsins 93/14/EBE um hemlun vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum og 93/94/EBE varðandi lögboðnar áletranir á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB um hámarkshraða sem er ákveðinn með hönnun, hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafl vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum og 97/24/EB um tiltekna íhluti í vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og sérkenni slíkra ökutækja í því skyni að laga þær að tækniframförum(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/61/EBE<sup>(1)</sup>, einkum 17. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/14/EBE frá 5. apríl 1993 um hemlun vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum<sup>(2)</sup>, einkum 4. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/34/EBE frá 14. júní 1993 varðandi lögboðnar áletranir á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum<sup>(3)</sup>, einkum 3. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB frá 2. febrúar 1995 um hámarkshraða sem er ákveðinn með hönnun, hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafl vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum<sup>4</sup>, einkum 4. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB frá 17. júní 1997 um tiltekna íhluti í vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og sérkenni slíkra ökutækja<sup>(5)</sup>, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipanir 93/14/EBE, 93/34/EBE, 95/1/EB og 97/24/EB eru sértilskipanir innan ramma EB-gerðarviðurkenningaraðferðarinnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/24/EB.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 66, 8.3.2006, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60, 30.11.2006, p. 21.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/30/EB (Stjtið. ESB L 106, 27.4.2005, bls. 17).

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 121, 15.5.1993, bls. 1.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB L 188, 29.7.1993, bls. 38. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/25/EB (Stjtið. EB L 104, 21.4.1999, bls. 19).

(<sup>4</sup>) Stjtið. EB L 52, 8.3.1995, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/41/EB (Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 17).

(<sup>5</sup>) Stjtið. EB L 226, 18.8.1997, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/30/EB.

- 2) Nauðsynlegt er að taka síðustu breytingu á reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) nr. 78 upp í evrópsku gerðarviðurkenningar-kröfurnar til þess að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í tilskipun 93/14/EBE og kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 78, séu jafngildar.
- 3) Hægt er að einfalda kröfur varðandi lögboðnar áletranir og hámarkshraða vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum, eins og mælt er fyrir um í tilskipunum 93/34/EBE og 95/1/EB, í þágu betri löggjafar.
- 4) Til þess að tryggja eðlilega starfsemi gerðarviðurkenningarkerfisins sem heildar er nauðsynlegt að skýra hvaða ákvæði, sem snerta útstæða hluta, öryggisbeltafestingar og öryggisbelti, gilda um ökutæki með yfirbyggingu og ökutæki án yfirbyggingar.
- 5) Í tilskipun 97/24/EB er nauðsynlegt að skýra og fullgera kröfur um áletrun á upprunalegum hvarfakútum og upprunalegum hljóðdeyfum.
- 6) Því ber að breyta tilskipunum 93/14/EBE, 93/34/EBE, 95/1/EB og 97/24/EB til samræmis við þetta.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum viðaukans við tilskipun 93/14/EB er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Ákvæðum viðaukans við tilskipun 93/34/EBE er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa tilskipun.

3. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 95/1/EB er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa tilskipun.

*4. gr.*

Ákvæðum III. viðauka við 1. kafla, I. og II. viðauka við 3. kafla, I. viðauka við 4. kafla, I., II., VI. og VII. viðauka við 5. kafla, viðaukans við 7. kafla, II., III. og IV. viðauka við 9. kafla, fyrirsögn og I. viðauka við 11. kafla og I. og II. viðauka við 12. kafla tilskipunar 97/24/EB er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa tilskipun.

*5. gr.*

1. Að því er varðar ökutæki sem eru á tveimur eða þremur hjólum og uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 93/14/EBE, 93/34/EBE, 95/1/EB og 97/24/EB, eins og þeim er breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 1. janúar 2007, af ástæðum sem varða efnisatriði hlutaðeigandi tilskipunar, ekki synja um EB-gerðarviðurkenningu eða banna að téð ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.

2. Að því er varðar nýjar gerðir ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum og uppfylla ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 93/14/EBE, 93/34/EBE, 95/1/EB og 97/24/EB, eins og þeim er breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 1. júlí 2007, synja téðum ökutækjum um veitingu EB-gerðarviðurkenningar af ástæðum sem varða efnisatriði hlutaðeigandi tilskipunar.

*6. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2006.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

*7. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*8. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. mars 2006.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Günter VERHEUGEN

*framkvæmdastjóri.*

## I. VIÐAUKI

Viðaukanum við tilskipun 93/14/EBE er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður 2.1.1.3 bætist við:

„2.1.1.3. Í hemlaborðum skal ekki vera asbest.“

2) Ákvæðum 1. viðbætur er breytt sem hér segir:

a) Í stað liða 1.1.1 og 1.1.2 komi eftirfarandi:

„1.1.1. Afköst hemlabúnaðar skulu miðuð við hemlunarvegalegd og/eða meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar. Afköst hemlabúnaðar skulu ákvörðuð með því að mæla hemlunarvegalegd með tilliti til byrjunarhraða ökutækisins og/eða með því að mæla meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar í prófuninni.

1.1.2. Hemlunarvegalegd er sú vegalegd sem ökutækið færir yfir eftir að ökumaður byrjar að virkja stjórnúnað hemlakerfisins og þar til ökutækið hefur numið staðar; byrjunarhraði,  $v_1$ , er hraðinn þegar ökumaður byrjar að virkja stjórnúnað hemlakerfisins; byrjunarhraði skal ekki vera minni en 98% af tilskildum hraða fyrir viðkomandi prófun. Reikna skal meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar ( $d_m$ ) sem meðalhraðaminnkun yfir eina vegalegd við hraða á bilinu  $v_b$  til  $v_e$  samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$d_m = \frac{v_b^2 - v_e^2}{25,92(S_e - S_b)} \text{ m/s}^2$$

þar sem:

$d_m$  = fullþróuð hraðaminnkun

$v_1$  = samkvæmt skilgreiningu hér að framan

$v_b$  = hraði ökutækis við 0,8  $v_1$  í km/klst

$v_e$  = hraði ökutækis við 0,1  $v_1$  í km/klst

$S_b$  = ekin vegalegd milli  $v_1$  og  $v_b$  í metrum

$S_e$  = ekin vegalegd milli  $v_1$  og  $v_e$  í metrum

Ákvarða skal hraða og vegalegd með mælitækjum með nákvæmni sem er  $\pm 1\%$ , við tilskilinn hraða í prófuninni. Ákvarða má „ $d_m$ “ með öðrum aðferðum en mælingum á hraða og vegalegd; ef það er gert skal nákvæmni „ $d_m$ “ ekki vera minni en  $\pm 3\%$ .

b) Í lið 1.1.3 komi „ökutæki“ í stað „íhluta“.

c) Í stað liðar 1.2.1.1 komi eftirfarandi:

„1.2.1.1. mörkin fyrir lágmarksafköst skulu vera þau sem mælt er um fyrir hvern flokk ökutækja hér á eftir; ökutækið skal fullnægja skilyrðum um hemlunarvegalegd og skilyrðum um meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar fyrir þann ökutækjaflokk sem við á, þó ekki kunnir að vera nauðsynlegt að mæla báðar færirbreytur.“

d) Í stað liðar 1.4.2.1 komi eftirfarandi:

„1.4.2.1. Ökutækið og hemillinn eða hemlarnir, sem á að prófa, skulu vera að mestu lausir við raka og hemillinn eða hemlarnir kaldir. Hemill er talinn kaldur þegar hitastigið sem mælist á diskum eða ytri hlið skála er undir 100 °C.“

---

*II. VIÐAUKI*

Viðaukanum við tilskipun 93/34/EBE er breytt sem hér segir:

Í stað liðar 3.1.1.2 komi eftirfarandi:

„3.1.1.2.annar hluti skal samanstanda af sex rittáknum (bókstöfum eða tölustöfum) sem lýsa helstu eiginleikum ökutækisins (gerð, afbrigði og þegar um er að ræða létt bifhjól, útfærslu); hvern eiginleika má tákna með nokkrum mismunandi rittáknum. Ef framleiðandi notar ekki eitt eða fleiri þessara rittákna skal fylla ónotuð stafbil með bókstöfum eða tölustöfum að vali framleiðanda.“

---

*III. VIÐAUKI*

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 95/1/EB er breytt sem hér segir:

Í stað liðar 7. komi eftirfarandi:

„7. HÁMARKSHRAÐI

Hámarkshraði ökutækisins skal tilgreindur í kílómetrum á klukkustund með tölu er samsvarar næstu heilu tölu við meðalgildi mælds hraða við prófanirnar tvær sem fara fram hvor á eftir annarri og má munur á milli þeirra ekki vera meiri en 3%. Þegar meðalgildi liggur nákvæmlega mitt á milli tveggja heilla talna er það hækkað upp í hærri töluna. Ef um er að ræða ökutæki þar sem hámarkshraði takmarkast ekki við viðeigandi skilgreiningar í 2. og 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/24/EB er ekki þörf á gerðarviðurkenningarprófun og hámarkshraði skal samþykktur sem sá hámarkshraði sem framleiðandi ökutækisins gefur upp í upplýsingaskjalinu í II. viðauka við tilskipun 2002/24/EB.“

---

## IV. VIÐAUKI

Ákvæðum tilskipunar 97/24/EB er breytt sem hér segir:

1) Í 1. lið II. hluta í 2. viðbæti III. viðauka við 1. kafla fellur fimmtí undirliður niður.

2) Ákvæðum 3. kafla er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

**„KRÖFUR SEM GILDA UM ÚTSTÆÐA HLUTA VÉLKNÚINNA ÖKUTÆKJA Á TVEIMUR HJÓLUM“,**

ii. Eftirfarandi liður 3.6 bætist við:

„3.6. Þegar um er að ræða ökutæki á tveimur hjólum, sem eru búin einhvers konar burðarvirki eða þili sem ætlað er að loka ökumann eða farþega af, að öllu leyti eða að hluta til, eða ætlað að hylja íhluta ökutækisins, er gerðarviðurkenningaryfirvaldinu eða tæknipjónustu heimilt, í samræmi við eigið mat og í samráði við framleiðandann, að láta kröfur þessa viðauka eða kröfur II. viðauka gilda um allt ökutækið eða hluta þess, byggt á mati á verstu hugsanlegum skilyrðum.“

iii. Í stað liðar 6.2 komi eftirfarandi:

„6.2. Endi tengsla- og hemlaarma skal vera sýnilega kúptur með a.m.k. 7 mm bogferil. Utanverðar brúnir armanna skulu vera með bogferil sem er minnst 2 mm. Sannpröfun skal gerð með arma í óvirkri stöðu.“

b) Í stað fyrirsagnarinnar og þáttarins „ALMENNT“ í II. viðauka komi eftirfarandi:

**„KRÖFUR SEM GILDA UM ÚTSTÆÐA HLUTA VÉLKNÚINNA ÖKUTÆKJA Á ÞREMUR HJÓLUM, LÉTTA FJÓRHJÓLA OG FJÓRHJÓLA“**

**ALMENNT**

Þær kröfur, sem eru settar fram í tilskipun 74/483/EBE (\*) varðandi útstæða hluta vélknúinna ökutækja (í flokki M1), gilda um vélknúin ökutæki á þremur hjólum sem ætluð eru til flutnings á farþegum.

Með hliðsjón af mismunandi lögum þessara ökutækja er gerðarviðurkenningaryfirvaldinu eða tæknipjónustunni hins vegar heimilt, í samræmi við eigið mat og í samráði við framleiðandann, að láta kröfur þessa viðauka eða kröfur I. viðauka gilda um allt ökutækið eða hluta þess, byggt á mati á verstu hugsanlegu skilyrðum.

Þetta gildir einnig um þær kröfur sem fram koma hér á eftir að því er varðar kröfur fyrir ökutæki á þremur hjólum, létt fjórhjól og fjórhjól.

Eftirfarandi kröfur gilda um vélknúin ökutæki á þremur hjólum, létt fjórhjól og fjórhjól sem ætluð eru til flutnings á vörum.

(\*) Stjtið. EB L 266, 2.10.1974, bls. 4.“

3) Í I. viðauka við 4. kafla bætast eftirfarandi 14. og 15. liður við:

„14. „Ökutæki án yfirbyggingar“: ökutæki þar sem farþegarýmið er ekki afmarkað af a.m.k. fjórum af eftirtöldum atriðum: framrúðu, gólfí, þaki, hliðarveggjum og afturveggjum eða hurðum.

15. „Ökutæki með yfirbyggingu“: ökutæki þar sem farþegarýmið er afmarkað eða getur verið afmarkað af a.m.k. fjórum af eftirtöldum atriðum: framrúðu, gólfí, þaki, hliðarveggjum og afturveggjum eða hurðum.“

4) Ákvæðum 5. kafla er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

i. Í stað liðar 2.3.2 komi eftirfarandi:

„2.3.2. Á öllum upprunalegum hvarfakútum skulu vera a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi:

- „e-merkið“ ásamt auðkenni landsins sem veitti gerðarviðurkenninguna,
- nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins,
- tegund og einkennandi hlutarnúmer. Þessi tilvísun verður að vera auðlæsileg og óafmáanleg og einnig sjáanleg á þeim stað sem henni er ætlað að vera.“

ii. Í stað liðar 5.2.1 komi eftirfarandi og liðir 5.2.1.1 og 5.2.1.2 falli brott:

„5.2.1. Merkingar Á upprunalegum endurnýjunarhvarfakútum skulu vera a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi:

- „e-merkið“ ásamt auðkenni landsins sem veitti gerðarviðurkenninguna,
- nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins,
- tegund og einkennandi hlutarnúmer.

Þessi tilvísun verður að vera auðlæsileg og óafmáanleg og einnig sjáanleg á þeim stað sem henni er ætlað að vera.“

b) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

i. Í stað liðar 2.4.2 komi eftirfarandi:

„2.4.2. Á öllum upprunalegum hvarfakútum skulu vera a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi:

- „e-merkið“ ásamt auðkenni landsins sem veitti gerðarviðurkenninguna,
- nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins,
- tegund og einkennandi hlutarnúmer. Þessi tilvísun verður að vera auðlæsileg og óafmáanleg og einnig sjáanleg á þeim stað sem henni er ætlað að vera.“

ii. Í stað liðar 5.2.1 komi eftirfarandi og liðir 5.2.1.1 og 5.2.1.2 falli brott:

„5.2.1. Merkingar

Á upprunalegum endurnýjunarhvarfakútum skulu vera a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi:

- „e-merkið“ ásamt auðkenni landsins sem veitti gerðarviðurkenninguna,
- nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins,
- tegund og einkennandi hlutarnúmer.

Þessi tilvísun verður að vera auðlæsileg og óafmáanleg og einnig sjáanleg á þeim stað sem henni er ætlað að vera.“

c) Í stað liðar 4a í VI. viðauka komi eftirfarandi:

„4a. *Hvarfakútar*

4a.1. Upprunalegir hvarfakútar, prófaðir samkvæmt öllum kröfum þessarar tilskipunar.


4a.1.1. Tegund og gerð upprunalegs hvarfakúts eins og tilgreint er í lið 3.2.12.2.1 í V. viðauka (upplýsingaskjalið).

4a.2. Upprunalegir endurnýjunarhvarfakútar, prófaðir samkvæmt öllum kröfum þessarar tilskipunar

4a.2.1. Tegund(ir) og gerð(ir) upprunalegs endurnýjunarhvarfakúts eins og tilgreint er í lið 3.2.12.2.1 í V. viðauka (upplýsingaskjalið).“

5) Í stað 1. myndar viðaukans við 7. kafla komi eftirfarandi:

1. mynd



6) Ákvæðum 9. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 2.3.2.2 í II. viðauka komi eftirfarandi:

„2.3.2.2. Á öllum upprunalegum hljóðdeyfum skulu vera a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi:

- „e-merkið“ ásamt auðkenni landsins sem veitti gerðarviðurkenninguna,
- nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins,
- tegund og einkennandi hlutarnúmer.

Þessi tilvísun verður að vera auðlæsileg og óafmáanleg og einnig sjáanleg á þeim stað sem henni er ætlað að vera.“

- b) Í stað liðar 2.3.2.2 í III. viðauka komi eftirfarandi:

„2.3.2.2. Á öllum upprunalegum hljóðdeyfum skulu vera a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi:

- „e-merkið“ ásamt auðkenni landsins sem veitti gerðarviðurkenninguna,
- nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins,
- tegund og einkennandi hlutarnúmer.

Þessi tilvísun verður að vera auðlæsileg og óafmáanleg og einnig sjáanleg á þeim stað sem henni er ætlað að vera.“

- c) Í stað liðar 2.4.2.2 í IV. viðauka komi eftirfarandi:

„2.4.2.2. Á öllum upprunalegum hljóðdeyfum skulu vera a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi:

- „e-merkið“ ásamt auðkenni landsins sem veitti gerðarviðurkenninguna,
- nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins,
- tegund og einkennandi hlutarnúmer.

Þessi tilvísun verður að vera auðlæsileg og óafmáanleg og einnig sjáanleg á þeim stað sem henni er ætlað að vera.“

- 7) Ákvæðum 11. kafla er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„ÖRYGGISBELTAFESTINGAR OG ÖRYGGISBELTI FYRIR LÉTT BIFHJÓL Á ÞREMUR HJÓLUM, BIFHJÓL Á ÞREMUR HJÓLUM OG FJÓRHJÓL“

- b) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

- i. Í stað liðar 1.6. komi eftirfarandi og eftirfarandi lið 1.6a er bætt við:

„1.6. „sæti“: grind, hvort sem hún er óaðskiljanlegur hluti af burðarvirki ökutækis eða ekki, ásamt klæðningu sem henni fylgir, sem býður upp á sæti fyrir fullorðinn, hugtakið merkir bæði stakt sæti og þann hluta af bekkisæti sem samsvarar sæti. Hnakkur telst ekki sem sæti í lið 2.1,

1.6a. „hnakkur“: sæti þar sem ökumaður eða farþegi situr klofvega.“

- ii. Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. **ALMENNAR KRÖFUR**

2.1. Þegar öryggisbeltafestingum er komið fyrir verða þær að vera í samræmi við forskriftirnar í þessum kafla.

2.1.1. Koma skal fyrir öryggisbeltafestingum við öll sæti í léttum bifhjólum á þremur hjólum, bifhjólum á þremur hjólum, léttum fjórhjólum og fjórhjólum.

2.1.1.1. Gerð er krafa um festingarpunkta, sem henta fyrir þriggja punkta belti, fyrir öll sæti sem uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

- þegar sæti er með bak eða þegar stuðningur gagnast við að ákvarða halla sætisbaks fyrir tilraunabruðu og hægt er að líta á hann sem sætisbak og
- þegar til staðar er smíðaeining á hlið eða þverlæg fyrir aftan H-punkt sem er hærri en 450 mm, mælt frá lóðréttu plani H-punktsins.



2.1.1.2. Fyrir öll önnur sæti teljast festingar fyrir mjaðmabelti viðunandi.

2.1.2. Ekki er lögboðið að vera með festingar fyrir öryggisbelti á léttum bifhjólum á þremur hjólum eða fjórhjólum með massa án hleðslu að 250 kg.

8) Ákvæðum 12. kafla er breytt sem hér segir:

a) Á eftir fyrirsögninni í I. viðauka við 12. kafla bætist eftirfarandi setning við:

„Í þessum kafla merkir „ökutæki með yfirbyggingu“ ökutæki þar sem farþegarýmið er afmarkað eða getur verið afmarkað af a.m.k. fjórum af eftirtöldum atriðum: framrúðu, gólfí, þaki, hliðarveggjum og afturveggjum eða hurðum.“

b) Í stað liðar 2.3.1 í II. viðauka komi eftirfarandi:

„2.3.1. Öll ökutæki skulu búin afþvingu og móðuhreinsun fyrir framrúður þannig að hægt sé að fjarlægja alla ísingu eða frost sem hylur framrúðuna og hvers kyns móðu sem hylur innra yfirborð framrúðunnar. Hins vegar er ekki gerð krafa um þennan búnað fyrir létt yfirbyggð bifhjól á þremur hjólum með hreyfli sem framleiðir ekki meira en 4 kW eða fyrir ökutæki þar sem framrúðan er fest á þann hátt á að ekki er um að ræða stuðning eða annars konar burðarvirki eða þil sem er fast við framrúðuna og nær meira en 100 mm aftur. Gerð er krafa um slíkan búnað fyrir hvers kyns ökutæki með þak sem er fast eða laust eða inndraganlegt.“

---